Raforkumálastjóri
Vatnamælingar

Skilagrein 185

# TRUFLANIR Á RENNSLI ÚR MÝVATNI

Nóv. 1959.

Skýrsla Árna Gíslasonar
Laxárbakka, Mývatnssveit.

Truflanir á rennsli úr Mývatni, S-Þing. í nóv. 1959, skýrlsa Árna Gíslasonar, Laxárbakka.

2. Nóv. SV 5 ÷ 4-6°. Lækkaði um 30 cm í ánni hér við vatnsmælinn. Grunnstingull mikill í botni og fljótandi í vatninu. Í skörð í Heynesstíflu hafði grunnstingull að mestu lokað var hann sprengdur burt og fékkst þá nóg vatnsrennsli.

7. Nóv. SV 4 ÷6°. Í morgun um 30 cm borð á ánni við vatnsmæli Grunnstingull allstaðar bæði í btoni og fljótandi í vatninu.
Mjög lítið vatn í Breiðu og rennsli lítið í Miðkvísl sprengt þar úr botni en rennsli óx lítið við það vegna þess, hve lítið vatn barst að ofan.
Grunnstingullsgarðar voru hér og hvar í Mjósundi og alveg upp í Rifi en ógerningur var að ráða bót á því. Vatn óx þó ofurlítið í dag.

8. Nóv. NA 8 ÷5° snjókoma. Í morgun var vatnsborð árinnar 25-30 cm neðan við venjulega hæð hér á móti bænum. Afarmikil krapaför og hægt rennsli í ánni.

9. Nóv. N 10 ÷10° Stórhríð. Árfarvegur virðist allur fullur af snjó hvergi sjáanlegt að vatn renni, það sem séð verður vegna hríðarmyrkurs.

10. Nóv. N 7 ÷10° él. Ánni algjörlega lokað af samfrosnu krapi sem ekki liggur hærra en í venjulegri vatnshæð að sjá hér á móti bænum. Aðeins er þó til að sjáist í smáála þar sem vatn seitlar, en hvergi heyrist vatnsniður. Sprenngt var í dag við Haganesstíflu. Byrjað nokkuð langt neðan við stífluna og sprengdur áll upp krap mjög þykkt og uppistaða mikil neðan við stífluna og því erfitt að fá nokkurt rennsli frá stíflunni áfram niður eftir enda lítill vatnsþrýstingur í Breiðunni.

11. Nóv. O ÷12°. Við vatnsmæli hefir heldur hækkað og liggur nú yfirborð krapsins 10-15 cm ofar venjul. vatnshæð. Á fossbrúnni og hellubrotum má sjá að vatn er farið að seitla fram þá hlið séð, en víðast er farvegur að sjá

alveg lokaður af krapi og snjó. Sprengt var í dag í Miðkvísl þar var krap víðast alveg í botn þó var hægt að opna smá rennu, sem flutti nokkurt vatn en uppistaða er mikil í kvíslum þar norðan við svo erfitt er um framrás vatnssins.

12. Nóv. 0 ÷10°. Vatnsrennsli hafði aukist í nótt og við vatnsmæli var vatnsborð feti ofar en venjul. vatnsborð.
Í dag ruddi áinn sig hér að ofan og niður að svo nefndum Austur-hólmum en þar fyrir norðan var allt lokað á kafla.
Áætlað rennsli í ánni við Laxárbrýr hjá Arnarvatni rúml. 1/2 m venjulegs vatnsmagns.
Sprengt var í dag skörð í Miðkvísl og við Haganesstíflu og óx þar rennsli.

13. Nóv. Lítil breyting á vatnsrennsli frá í gær en þó mun það hafa vaxið nokkuð. Uppistaða erí ánni hér norðan við en mun þó ekki hafa mikil áhrif á rennsli árinnar.
Unnið var við sprengingar í Miðkvísl og víðar.

14. Nóv. 0 ÷20°. Áætlað vatnsrennsli við Laxárbrýr um 2/3 venjulegs vatns. Liggur því víða vatnsborð um feti ofar venju enda víða krapagarðar í farvegi ennþá, sem vatnið nær ekki að hreinsa burt og er eins og engin áta í því ennþá.

15.Nóv. 0 ÷18°. Rennsli líkt og í gær. Sprnegdum við Miðkvísl og hjá Haganesstíflu óx við það rennsli og mun í kvöld vera nær eðlilegt rennsli hér í ánni.